

Skóla- og frístundasvið

Aðkoma foreldra að ráðningum skólastjórnenda í leikskólum og grunnskólum Reykjavíkurborgar

Skýrsla

Starfshóps

Júní 2013


Efnisyfirlit

1. Tillaga starfshópsins.....	3
2. Rökstuðningur	4
3. Tillaga og breytingatillaga skóla- frístundaráðs samþykkt 7. nóvember 2012.....	4
4. Erindisbréf.....	7
5. Fundir starfshópsins	8
6. Lagaumhverfi og samþykktir Reykjavíkurborgar	8
7. Upplýsingar um verklag um ráðningar hjá nágrannaþjóðum	8

1. Tillaga starfshópsins

Starfshópurinn leggur til aðkoma foreldra að ráðningum stjórnenda í leik- og grunnskólum verði í gegnum skólaráð/foreldraráð. Aðkoma skólaráðanna/foreldraráðanna er skilgreind í eftirfarandi verkferli.

Verkferill um aðkomu skólaráða/foreldraráða að ráðningu stjórnenda í grunn- og leikskólum



Skólaráð/foreldraráð komi með formlegum hætti að gerð auglýsinga um stöður stjórnenda í grunn- og leikskólum með því að hafa áhrif á hvaða áhersluþættir varðandi skólann eru dregnir fram í auglýsingu, lýsingu á helstu verkefnum stjórnenda og hvaða hæfniskröfur skuli gera umfram það sem fram kemur í lögum og kjarasamningum.

Sérstakt ráðningarteymi hafi síðan það hlutverk að meta hvaða umsækjandi uppfylli best þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingunni.

2. Rökstuðningur

Lög og samþykktir Reykjavíkurborgar gefa að mati starfshópsins ekki færi á að breyta ráðningarferlinu í grundvallaratriðum. Starfshópurinn telur engu að síður mikilvægt að foreldrar komi að ráðningum stjórnenda í leik- og grunnskólum í gegnum foreldra- og skólaráð samkvæmt fyrrgreindum verkferli. Umsögn skólaráða/foreldraráða um kröfur í auglýsingu verði ráðgefandi.

Nánari útfærslu á því hvernig standa skuli að ráðningu skólastjórnenda í Reykjavík er að finna í 2. mgr. 10. gr. samþykktar fyrir skóla- og frístundaráð sem borgarstjórn Reykjavíkur setti ráðinu 20. september 2011. Þar segir: „Skóla- og frístundaráð ræður skólastjóra grunn- og leikskóla að fenginni tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.“

Ekki er gert ráð fyrir umsagnarrétti annarra aðila vegna ráðninga í þessar stöður. Borgarstjórn Reykjavíkur setur skóla- og frístundaráði samþykktir sem ráðið getur ekki sjálft breytt.

Skóla- og frístundaráð hefur ekki heimild til að veita öðrum aðgang að umsóknargögnum en þeim sem koma eiga að ráðningu samkvæmt samþykktum ráðsins, sbr. 1. mgr. 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

Í 1. mgr. 11. gr. grunnskólalaga segir: „Um ráðningu skólastjóra og starfsfólks grunnskóla fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykkt um stjórn sveitarfélags eftir því sem við á.“

3. Tillaga og breytingatillaga skóla- frístundaráðs samþykkt 7. nóvember 2012

Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 15. ágúst 2012:

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur felur fræðslustjóra að semja tillögu um breytingar á samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar, sem miði að því að taka upp virkt samráð við foreldrafélög í borginni við ráðningar skólastjóra. Slíkt samráð feli í sér að í skóla, þar sem ráðning skólastjóra stendur fyrir dyrum, skuli gefa stjórn viðkomandi foreldrafélags kost á að kynna sér helstu upplýsingar og hitta þá að máli til að kynnast sýn þeirra á starfið. Ef því verður við komið, verði stjórn foreldrafélags heimilt að efna til fundar, sem opinn verði öllum foreldrum viðkomandi skóla, þar sem umsækjendum, sem fullnægja kröfum til starfsins verði gefinn kostur á að kynna sig og stefnumál sín. Í framhaldi af slíkum

fundi sé stjórn foreldrafélags heimilt að skila umsögn til skóla- og frístundaráðs með álitum um hver sé hæfastur til að gegna viðkomandi starfi. Stjórn foreldrafélagsins verði einnig heimilt að skila umsögn til ráðsins án þess að mælt sé með ákveðnum umsækjanda en með ábendingum um hvaða atriði sé æskilegt að leggja áherslu á þegar ráðið verður í stöðuna með tilliti til vilja foreldra og aðstæðna í umræddum skóla. Eftir sem áður annist skóla- og frístundaráð ráðningar í stöður skólustjóra og beri ábyrgð á þeim eins og kveðið er á um í samþykktum ráðsins. Lagt er til að sviðsstjóri leggi umrædda tillögu fyrir skóla- og frístundaráð, sem samþykki hana fyrir sitt leyti áður en henni verður vísað til borgarstjórnar.

Breytingartillaga

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra að koma með tillögum til skóla- og frístundaráðs að því hvernig aðkoma foreldra að ráðningarferli stjórnenda geti aukist frá því sem nú er.

Lagt er til að:

- 1) Fulltrúi frá hagsmunasamtökum foreldra taki þátt í tillögugerðinni.*
- 2) Skoðað verði hvernig aðkoma foreldra að ráðningarferli stjórnenda skóla er háttað í nágrannalöndum.*
- 3) Tillögurnar geti átt við ráðningar í leikskóla sem og grunnskóla.*
- 4) Litið verði til þeirra hugmynda að aukinni aðkomu foreldra sem fram koma í upprunalegri tillögu, en að sviðsstjóri sé óbundinn af þeim. Sviðsstjóri geti jafnframt komið fram með aðrar tillögur en þær sem getið er um í upprunalegri tillögu.*
- 5) Allar tillögur verði unnar náið með lögfræðingi skóla- og frístundasviðs svo tryggt sé að farið sé að lögum um ráðningu stjórnenda.*

Breytingartillagan samþykkt.

Bókanir

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum í skóla- og frístundaráði óskaði bókað: Fulltrúi foreldra grunnskólabarna í Reykjavík fagnar framkominni tillögu um aðkomu foreldra að ráðningum skólustjóra og hvetur til þess að skoðað verði ofan í kjölinn hvernig stuðla megi að því að umsögn fulltrúa foreldra verði málefnaleg og endurspegli skoðun

meirihluta foreldra í skólanum.

Áheyrnarfulltrúi skólastjóra í grunnskólum óskaði bókað:

Fulltrúi skólastjórnenda í Reykjavík fagnar því að sviðsstjóra sé falið að koma með tillögur að því hvernig aðkoma foreldra að ráðningarferli stjórnenda geti aukist og óskar eftir að fulltrúi frá skólastjórum hafi aðkomu að tillögugerðinni.

4. Erindisbréf

Erindisbréf

Heiti vinnuhóps: Möguleg aukin aðkoma foreldra að ráðningum skólustjóra
Ábyrgðarmaður: Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri
Hlutverk: Tillögugerð til skóla- og frístundaráðs um mögulega aukna aðkomu foreldra að ráðningum skólustjóra í leik- og grunnskólum og hvernig best er að standa að ráðningaferlinu
Helstu verkefni: 1. Leggja fram rökstuddar tillögur um hvernig aðkoma foreldra að ráðningaferli leikskólustjóra og grunnskólustjóra geti aukist frá því sem nú er. Litið verði til hugmynda er fram komu í tillögu Sjálfstæðisflokksins er lagðar voru fram á fundi skóla- og frístundaráðs 15. ágúst 2012 2. Draga upp mögulegan verkferil ráðningar við hverja tillögu 3. Skoða hvernig aðkoma foreldra að ráðningaferli stjórnenda í leik- og grunnskólum er háttað í helstu nágrannalöndum 4. Greina laga- og vinnuréttarumhverfi sem á við ráðningu stjórnenda í leik- og grunnskólum. 5. Leggja fram opnar hugmyndir eða tillögur um hvernig hópurinn telur að best sé að standa að ráðningum stjórnenda í leik- og grunnskólum.
Fulltrúar í vinnuhópi: Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri Árný Inga Pálsdóttir, skólustjóri Kelduskóla Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólustjóri í Kvistaborg Anna Óskarsdóttir, fulltrúi „Barnanna okkar“ Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdarstjóri SAMFOK
Formaður vinnuhóps: Valgerður Janusdóttir
Starfsmenn: Jóhanna Marteinsdóttir
Ráðgjöf / samstarf: Sigríður Thorlacius, lögfræðingur Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri Aðrir sem þekkjja til
Starfstímabil: Starfstími 1. janúar – 20. mars 2013.
Skil: Til sviðsstjóra.

5. Fundir starfshópsins

Starfshópurinn hélt fimm fundi á tímabilinu 31. janúar til 15. maí 2013.

6. Lagaumhverfi og samþykktir Reykjavíkurborgar

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. grunnskólalaga fer um ráðningu skólastjóra og starfsfólks grunnskóla eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirætlum í samþykkt um stjórn sveitarfélags eftir því sem við á.

Nánari útfærsla á því hvernig standa skuli að ráðningu skólastjóra í Reykjavík er að finna í 10. gr. samþykktar fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar, sem borgarstjórn Reykjavíkur setti ráðinu 20. september 2011. Samkvæmt því er það skóla- og frístundaráð sem ræður skólastjóra grunnskóla í borginni að fenginni tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Ekki er gert ráð fyrir aðkomu annarra við ráðningu í stöður skólastjóra.

Skóla- og frístundaráð hefur ekki heimild til að veita öðrum aðgang að umsóknargögnum en þeim sem koma eiga að ráðningu samkvæmt samþykktum ráðsins, sbr. 1. mgr. 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, en þar segir: „Réttur almennings til aðgangs að gögnum um málefni starfsmanna sem starfa hjá aðilum sem lög þessi taka til skv. 2. gr. tekur ekki til gagna í málum sem varða umsóknir um starf, framgang í starfi eða starfssambandið að öðru leyti.“

7. Upplýsingar um verklag um ráðningar hjá nágrannabjóðum

Leitað var eftir upplýsingum frá nágrannabjóðum um verklag þeirra við ráðningar stjórnenda í grunnskólum.

Upplýsingar bárust frá *Skole og forældre* sem eru landssamtök foreldra barna í grunnskólum í Danmörku. Einnig voru skoðuð gögn sem danska menntamálaráðuneytið hefur gefið út vegna starfa skólaráða. Frá Noregi fengust upplýsingar frá *FUG (Foreldreutvalget for grunnopplæringen)* sem eru landssamtök foreldra barna í grunnskólum í Noregi og frá Drammen Kommune. Frá Svíþjóð komu upplýsingar frá sænska menntamálaráðuneytinu og einnig frá „skolhuvudmannen“ sem er yfirmaður skólastjóra þar í landi.

Breska menntamálaráðuneytið benti á handbók sem er fyrir fulltrúa „governing bodies“ í Bretlandi en í því sitja foreldrar. Frá Þýskalandi barst svar frá þýska menntamálaráðuneytinu. Upplýsingar frá Lúxemborg komu frá íslensku foreldri sem þar bjó og hafði aðkomu að

ráðningu skólastjóra þar í landi. Skoðuð var handbók fyrir fulltrúa í „school councils“ í Kanada en í því sitja líka foreldrar.

Einnig var leitað eftir upplýsingum hjá Ólafi H. Jóhannssyni, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, en hann tók saman greinargerð árið 2003 um hlutdeild foreldra í stjórnnum grunnskóla á Íslandi og nokkrum nágrannalöndum fyrir fræðsluráð Reykjavíkur og Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.